



Apríl 2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritum skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLINN NÓABORG	4
GREINING	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNANGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Nóaborg sem fram fór í desember 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja að, svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í desember 2013 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 3.-10. desember. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN NÓABORG

Leikskólinn Nóaborg er við Stangarholt 11 í Reykjavík. Hann tók til starfa 13. desember 1986.

Leikskólastjóri Nóaborgar er Anna Margrét Ólafsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Ágústa Hilmarsdóttir.

Í leikskólanum eru þrjár aldursskiptar deildir og voru 73 börn í leikskólanum í desember 2013. Yngstu börnin, eins og tveggja ára eru á Fiðrildadeild, þriggja ára börnin er á Fiskadeild og elstu börnin, fjögurra og fimm ára, eru á Fíladeild. Í leikskólanum eru fjögur börn með stuðning.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Áhersla í stefnu leikskólans á stærðfræði birtist í daglegu starfi og vel er unnið með myndlestur, tölur og læsi á umhverfi og menningu. Þróunar- og sérverkefni styðja við áherslur leikskólans í stærðfræði. Leikskólastjóri stuðlar að því að gerð nýrrar skólanámskrár sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Leikskólastjóri og starfsfólk deilda miðlar upplýsingum um gæði leikskólastarfsins í gegnum facebook-síðu leikskólans og með dagbókarfærslum á heimasíðu. Samstarf og samábyrgð innan deilda er sýnileg og starfsfólk styður hvert annað. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm um viðfangsefnin. Þau eru ánægð með að hafa val um viðfangsefni og valið höfðar til þeirra. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og fjölbreytta upplýsingamiðlun. Vel er brugðist við ábendingum frá foreldrum er varðar innra starf og gerðar umbætur í kjölfarið. Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af foreldrahópnum. Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsfólki á starfsmannafundum og helstu hagsmunaaðilum. Húsnæði og útileiksvæði er vel nýtt og umhverfi leikskólans nýtt til þekkingarleitar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Leikskólastjóri komi á föstum fundum meðal stjórnenda, deildarstjóra og deilda og sjái til þess að starfsfólk geti skipulagt faglegt starf og markvisst samstarf milli deilda. Leikskólastjóri og deildarstjórar gæti þess að nýjungar í starfsháttum séu teknar upp í samstarfi við starfsmannahópinn og þær mótaðar með þátttöku starfsmanna. Móta þarf verkferil er varða slys, áföll, ágreining, viðkvæm mál, eineltis- og barnaverndarmál. Auka þekkingu og færni starfsfólks í gagnaöflun og skráningum í daglegu starfi. Auka fjölbreytni í öflun gagna við mat á stöðu barna. Gefa börnum tækifæri til að setja sér markmið og leiðir í eigin námi. Auka áhrif barna á viðfangsefni og skipulagningu leikskólastarfsins. Auka fjölbreytni í öflun gagna við innra mat og aðkomu starfsfólks að ákvörðunum um leiðir og framkvæmd matsins.